

Samþykktir fyrir Ramma hf., Siglufirði.

1. KAFLI.

Nafn, heimili og tilgangur félagsins.

1. gr.

Nafn félagsins er Rammi hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er Gránugata 1 – 3, Siglufirði.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að reka útgerð, alhliða fiskvinnslu og skylda starfsemi svo og rekstur og leiga fasteigna og lánastarfsemi.

II. KAFLI.

Hlutfé og hlutabréf.

4. gr.

Hlutfé félagsins er evrur 4.660.088,- Fjórar milljónir sexhundrað og sextíuþúsund, áttatíu og átta evrur. Hlutfé félagsins skiptist í hluti að fjárhæð ein evra og margfeldi þar af.

5. gr.

Um hlutabréf og hlutaskrá fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög. Nú glatast hlutabréf og getur þá stjórn félagsins stefnt handhafa þess til sín með þriggja mánaða fyrirvara frá birtingu áskorunar sem birta skal tvisvar sinnum í Lögbirtingablaði. Gefi enginn sig fram áður en fresturinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu og skal stjórn félagsins þá, sem og ef ógildingardómur hefur gengið um hlutabréfið og stjórninni verið afhent staðfest endurrit af dóminum, gefa út nýtt hlutabréf í stað hins glataða hlutabréfs.

Stjórn félagsins getur ákveðið að hlutabréf verði gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Rafræn hlutabréf koma í stað áður útgefinna hlutabréfa sem þá skulu ógild.

6. gr.

Hver hluthafi er skyldur til að hlíta samþykktum félagsins, þeim er nú gilda, eða síðar kunna að verða settar á lögmatan hátt. Þó verða hluthafar eigi með fundarályktun eða lagabreytingum skyldaðir til að auka hlutfé sitt eða takast á hendur ábyrgð á skuldbindingum félagsins, fram yfir hlutfé sitt.

III. KAFLI.

Hluthafafundur.

7. gr.

Lögmætir hluthafafundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þessar setja.

8. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir 15. júní ár hvert. Aukafundi skal halda, þegar stjórn félagsins þykir þess við þurfa, samkvæmt fundarályktun eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Vanræki stjórnin að boða til aukafundar innan 14 daga skal um fundarboðun fara samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Félagsfundir skulu boðaðir bréflega eða með auglýsingu í fjölmiðlum. Félagsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

9. gr.

Rétt til að sækja fundi félagsins hafa þeir sem skráðir eru hluthafar í félaginu, þegar fundur fer fram. Hluthafa er heimilt að hafa með sér ráðgjafa. Ráðgjafi nýtur þó hvorki málfrelsis, tillögu- né atkvæðisréttar. Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum þótt eigi séu þeir hluthafar. Þá getur hluthafafundur ákveðið að aðrir fái að sitja fundinn og fer um málfrelsi þeirra og tillögurétt eftir samþykktum fundarins. Eitt atkvæði fylgir hverri einni evru í hlutafé sem hluthafi á í félaginu.

10. gr.

Hverjum fundi stjórnar kjörinn fundarstjóri. Hann rannsakar í fundarbyrjun, hvort löglega er til fundarins boðað og hvort hann sé lögmætur að öðru leyti, og lýsir því síðan hvort svo sé. Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara sem heldur fundargerðarbók. Atkvæðagreiðsla fer fram eftir því sem fundarstjóri ákveður. Þó skal atkvæðagreiðslan jafnan vera skrifleg, ef einhver fundarmanna krefst þess.

11. gr.

Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.

12. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu ári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir hið liðna starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til úrskurðar.
3. Tekin ákvörðun um skiptingu ársarðsins.
4. Kosinn einn endurskoðandi og annar til vara, eða endurskoðunarfélag.
5. Stjórn félagsins skipa 5 menn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi. Tveir menn skulu kosnir til vara.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðanda.
7. Lagabreytingar.

13. gr.

Á fundinum ræður afl atkvæða úrslitum. Lögum félagsins má þó ekki breyta nema á fundi, þar sem mættir eru hluthafar, er hafa umráð yfir 2/3 atkvæða á fundinum.

14. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum sem kosnir skulu árlega á aðalfundi. Ennfremur skal þá kjósa tvo menn til vara í stjórn félagsins. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnin kys formann úr sínum hópi, svo og varaformann.

Félagsstjórn ræður félagsmálum á milli funda.

Félagsstjórn getur skuldbundið félagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett þær. Til veðsetningar á fasteignum félagsins þarf samþykki meirihluta stjórnarmanna. Undirskriftir 3ja stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Félagsstjórnin ræður félaginu framkvæmdarstjóra einn eða tvo og kemur hann eða þeir fram fyrir hönd félagsins gagnvart öðrum í öllum þeim málum er snerta venjulegan rekstur félagsins. Framkvæmdarstjóri (framkvæmdarstjórar) annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar og mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdarstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynna um ráðstöfunina. Framkvæmdarstjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdarstjóri ræður starfsmenn félagsins, en hafa skal hann samráð við stjórnina um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstörf. Hann segir upp mönnum og fjallar um launamál þeirra. Ef ákveðið er að framkvæmdarstjórar skuli vera tveir eða fleiri skal stjórnin afmarka skýra verkaskiptingu þeirra á milli. Félagsstjórnin kveður nánar á um starfssvið framkvæmdarstjóra og setur honum/þeim erindisbréf.

IV. KAFLI.

Reikningshald, endurskoðun, skipting arðs o.fl.

15. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið.

Stjórn félagsins og framkvæmdarstjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og skal hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisýfirlit og skýringar. Þá semur stjórn félagsins skýrslu stjórnar með ársreikningi.

Á aðalfundi skal kjósa félaginu til eins árs í senn einn endurskoðanda og varamann hans eða endurskoðunarfélag. Um hæfi endurskoðanda fer að lögum. Endurskoðandi félagsins skal endurskoða ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Hann skal hvenær sem er hafa aðgang að bókum og skjölum félagsins.

Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningnum sem skýrsla hans.

16. gr.

Hreinum arði eftir ársreikningum, að frádreginni þeirri upphæð sem stjórnin ákveður til afskrifta að bókuðu eignarverði félagsins, skal skipta þannig:

- a) Aðalfundur ákveður, hvort eða hve há laun skuli greidd stjórnendum og endurskoðanda.
- b) Hve mikið skuli leggja í fyrningasjóð, varasjóð eða aðra sjóði.
- c) Hve miklum arði skuli úthlutað til hluthafa.
- d) Það sem eftir er yfirfærast til næsta árs.

Stjórnin skal leggja fram tillögu um skiptingu ársarðsins.

V. KAFLI.

Félagsslit.

17. gr.

Nú þykir ráðlagt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tillögu þar að lútandi sem um lagabreytingar. Ákvörðun um félagsslit skal tekin af hluthöfum er ráða yfir minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Fundur sá, sem á löglegan hátt samþykkir að slíta félaginu, ákveður jafnframt, hvort félagsbúið skuli afhent skiptarétti til meðferðar, eða kosin skilanefnd til að ráðstafa eignum félagsins og borga skuldir þess og sjá um félagsslitin að öðru leyti. Slík skilanefnd má þó eigi taka til starfa fyrr en hún hefur öðlast löggildingu hlutafélagaskrár.

Samþykktir þessar eru gerðar á hluthafafundi 25. nóvember 1983, á hluthafafundi (aðalfundi) 11. maí 1984, hluthafafundi 22. jan. 1990, aðalfundi 6. apríl 1995, á aðalfundi 6. mars 1996, á aðalfundi 25. apríl 1997, á hluthafafundi 22. ágúst 1997, á aðalfundi 11. mars 1999, á aðalfundi 7. mars 2002, á aðalfundi 27. febrúar 2004, á hluthafafundi 25. nóvember 2005, á aðalfundi 9. mars 2007 á aðalfundi 14. mars 2008, við nýtingu heimildar sem veitt var á aðalfundi 14. mars 2008 og á aðalfundi 20. mars 2009.